

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 27. apríl 2017 | 16. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök.

Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Þín útivistarverslun
Reykjavíkurvegi 64

www.fjallakofinn.is



**VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SÖLUSKRÁ
HAFIÐ SAMBAND VIÐ SÖLUMENN OKKAR**

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Jón Arnluss
KÖKULIST



**Treystu
mér fyrir
veislunni!**

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655



MATHÚS BAR

VON

Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • [facebook/vonmathus](https://facebook.com/vonmathus)

Gleðilegt sumar!

Sumri var fagnað með fjölbreyttum hætti í Hafnarfirði



Skátar leiða skríðgöngu um miðbæ Hafnarfjarðar.

AS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is



HÚSASMIDJAN
HLUTI AF BYGMA

Þín verslun
í Hafnarfirði

SUMAR

TILBOÐ Í HÚSASMIDJUNNI

AUTHORTROPHY 26"
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skippting:
Shimanoty21, 18 girar, Tektro
V bremsur. Dekk: Author Speed
master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19"
3901410-1



34.900 kr
~~39.900 kr~~

VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING Á REIÐHJÓLUM



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 30. apríl

Guðspjónusta kl. 11

Eldri borgarar
eru boðnir sérstaklega velkomnir.

Sunnudagaskóli

á sama tíma.

www.astjarnarkirkja.is

Hátt í öllum stöðuvötnum

Líka há grunnvatnsstað

Fátt var vitað um ástæðu mismunandi vatnshæðar í Hvaleyrarvatni en nú er vitað að það tengist beint grunnvatnsstöðu í Kaldárbotnum. Hún hefur hins vegar ekki ráðið vatnshæð Ástjarnar. Nú er vatnshæð með mesta móti í Hvaleyrarvatni og í Ástjör og vatn rennur greiðlega í Kaldána. Þá hefur vatnshæð í Kleifarvatni hækkað mikið og nálgast nú sína hæstu stöðu eftir að hafa verið mjög lág eftir jarðsjálfana árið 2000. Lambhagatjörn sem er sunnan við Kleifarvatn er nú tjörn en hefur verið að jafnaði þurr sl. 17 ár. Eins er nú vatn norðan Lambhaga sem er í landi Hafnarfjarðar en vatnið er að mestu í landi Grindavíkur.



Norðan Lambatanga við Kleifarvatn er nú allt umflotið vatni þar sem áður hefur verið þurr í mjög langan tíma.



Það er ekki oft sem svona mikið er í Hvaleyrarvatni og stigar á kafi. Horft í austur með vatninu.

leiðarinn



Við fengum páska, sumar-daginn fyrsta og Bjarta daga yfir okkur í einni bendu. Ekki ráðum við páskum eða sumardegnum fyrsta en kannski er ofaukið að skella menningarhátíð sem kennd er við Bjarta daga ofan í, ekki síst þegar páskahret dynur yfir. Það er reyndar undarlegt hvað Bjartir dagar hafa oft verið settir saman við aðra hátíðisdaga en áður féll sjómannadagurinn inn í Bjarta daga sem halda átti í tengslum við afmælisdag bæjarins. Vegna síðustu kosninga var hátíðin færð fram og svo hefur vaninn tekið völdin.

Það voru nokkrir ágætir sprettir í Björtum dögum þar sem hæst stóðu tónleikarnir Bræðralag sem um 800 manns sóttu og hátíðin Heima. Minna fór fyrir öðrum viðburðum en arfaslök kynning bæjarins á hátíðinni hjálpaði ekki til. Spyrja má hvort hátíðin standi enn undir nafni og hvort hagur bæjarins sé ekki orðinn svo góður að leggja megi aðeins meira til hennar og gera hana að alvöru hátíð aftur í stað þess að tengja hana við sem flesta viðburði sem eru þar hvort sem er. Stöðugt framboð er af tónleikum í Hafnarfirði og sýningum og spurning hvort ekki eigi frekar að leggja áherslu á að flytja menninguna út til bæjarbúa. Jafnvel mætti hafa hátíðina úti í hverfum bæjarins og e.t.v. að skiptast á að hafa hana í hverfum bæjarins – hverfin bjóði hinum bæjarbúum heim.

Sumardagurinn fyrsti, sjómannadagurinn, og þjóðhátíðardagurinn eru dagar sem leggja á áherslu á að fá bæjarbúa til þátttöku í og hafa bæinn fánum skryddan í sparibúningi á meðan.

Ytri aðstæður eru góðar fyrir rekstur sveitarfélaga eins og sjá má í ársreikningum þeirra og því ætti hagræðing og bætur rekstur í Hafnarfirði að skila enn meiru en þar sem ekki er eins vel stjórnað.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Íbúar forðuðu sér út úr brennandi íbúð við Öldugötu sem stórskemmdist í bruna

Tvö útköll á sama tíma vegna bruna og eitt vegna umferðarslyss

Mikill eldur kom upp í íbúðarhúsi við Öldugötu á fjórða tímanum mánudag. Mikill viðbúnaður var hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem sendi m.a. 4 sjúkrabíla á staðinn. Einn þeirra hvarf þó fljótt af vettfangi með forgangsakstri til að sinna slysaútkalli í Reykjavík.

Slökkviliðið var á leið í útkall í iðnaðarhúsi er tilkynning barst um eldinn á Öldugötu og snéri liðið þegar á vettfang og slökkvibífið úr Reykjavík hélt að iðnaðarhúsinu þar sem aðallega var reykur að sögn stjórnanda Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á staðnum.

Mikill eldur var í íbúðinni þegar slökkviliðið kom en kona og tvö börn



höfðu forðað sér út heil á húfi. Greiðlega gekk að slökkva eldinn sem var mestur

Eldurinn kom upp í eldhúsinu á 2. hæð þar sem mest rýkur úr.

í eldhúsi þar sem eldurinn kom upp. Meiri tíma tók að slökkva í glæðum í þakvirki og rjúfa þurfti veggklæðningu innanfrá til að komast að hita og glæðum.

Tvær íbúðir eru í húsinu, sem er kjallari, hæð og ris en ekki er vitað hvort einhverjar skemmdir hafi orðið í kjallaranum en enginn eldur barst þangað. Eldsupptök voru ekki staðfest en talið að kviknað hafi í út frá rafmagnstækjum.



Rjúfa þurfti veggklæðningu inni í risinu til að komast að þakvirkinu.



Slökkviðliðsmenn að störfum.



AÐ BÚA SAMAN Í FJÖLMENNINGU

FJÖLMENNINGARÞING Í HRAUNSELI, FLATAHRAUNI 3, FIMMTUDAGINN 4. MAÍ FRÁ KL. 18-20

Boðað er til fjölmenningsarþings þar sem leitað verður álits innflytjenda sjálfra á þjónustu bæjarins og með hvaða hætti megi gera þjónustu bæjarins aðgengilegri fyrir alla. Á þinginu verður enn fremur kosið í fjölmenningsarráð sem verður ráðgefandi við ráð og stofnanir bæjarins í málefnum innflytjenda. Framboð í fjölmenningsarráð berist til gudbjorg@hafnarfjordur.is. Bæjarbúar af erlendum uppruna eru sérstaklega hvattir til að mæta. Boðið verður upp á súpu í upphafi fundar og barnagæslu á meðan fundinum stendur.

Nánari upplýsingar á átta tungumálum á www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opíð frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



Úlfur, úlfur:

Hræðsluáróður pólitískur leikur

Nú þegar sveitarfélög eru að birta ársreikninga fyrir árið 2016 kemur í ljós að staðan er að batna mikið og jafnvel mun meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Það er margt sem veldur. Launahækkanir og lægri verðbólga hefur þýtt minni verðbætur svo eitthvað sé nefnt. Niðurstaðan er víða mun betri en undanfarin 10-15 ár. Það eru því fyrst og fremst ytri aðstæður sem þakka má bætta afkomu sveitarfélaga



Adda María Jóhannsdóttir

NAUÐSYNLEG

HAGRÆÐING EÐA HRÆÐSLUÁRÓÐUR?

Við þetta tækifæri má velta fyrir sér í hvað fjármunum er eytt og kannski enn frekar í hvað þeim er ekki eytt. Á fyrri hluta kjörtímabils var ráðist í miklar hagræðingaraðgerðir sem fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna gagnrýndu á sínum tíma. Miðað við áætlanir var þá þegar ljóst að betri tíð væri í vændum og því átti að vera ráðrúm til að hefja endurgjöf í þjónustu við bæjarbúa.

Eg skil t.a.m. ekki enn hvers vegna ráðist var í lokanir á leikskólaúræðum við þessar aðstæður. Við stóðum frammi fyrir einstöku tækifæri til að lækka inntökualdur á leikskóla þar sem pláss voru að losna við það að stórir

árgangar leikskólabarna voru að fara í grunnskóla. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar taldi hins vegar að loka þyrfti leikskólaúræðum í hagræðingarskyni. Niðurstaðan er sú að Hafnarfjörður er að verða á eftir öðrum bæjarfélögum í því að lækka inntökualdur bama á leikskóla. Auk þess eru hverfi í Suðurbæ enn í þeirri stöðu að vera án leikskóla og börn á því svæði þurfa mörg hver að sækja leikskóla um langan veg.

PÓLÍTÍSKUR LEIKUR

Það má spyrja sig um tilgang þess að mála stöðu bæjarins svartari litum en efni stöðu til í upphafi kjörtímabils. Nú þegar einungis rúmt ár er til næstu kosninga kemur þó sífellt betur í ljós að fréttum af batnandi afkomu hefur verið haldið niðri allt þar til nú, þegar núverandi meirihluti sér hag í því að halda þeim fréttum á lofti, í þeim tilgangi að eigna sér árangurinn. Staðreyndin er hins vegar sú að ytri þættir hafa skapað góðar aðstæður fyrir sveitarfélögin sem skilar sér í bættri afkomu, og er það vel. Og þar sem styttest í kosningar er kannski einhver von til að bæjarbúar njóti góðs af.

Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingar

Ruglingur með nafn Krýsuvíkur



Eitt af undarlegu skiltunum efst í Vallarhverfinu.

Það er löng hefð fyrir því að rita Krýsuvík með ý en ekki í. Í Landnámu og fombrefum er nafnið ritað Krýsuvík.

Uppruni orðsins er óþekkt. Í íslenski orðsifjabók segir að nafnið sé dregið af germanskri rót sem merkir beygja og hafi vísað til lögunar vikurinnar.

Önnur kenning er sú að nafnið sé dregið af andlegum leiðtogum írskra

manna sem hér bjuggu á undan landnámsmönnum. Voru þeir nefndir Krýsar (Chrysostomosa eða gullmunnar).

Hvað sem öllum kenningum lýtur þá er skelfilegt að sjá skilti með mismunandi ritháttum eins og sjá má t.d. í nágrenni Valla. Er skorað á Vegagerðina og Hafnarfjarðarbæ að tryggja að nafnið Krýsuvík sé á öllum skiltum.

BIKE CAVE

Frábært hádegisboð

í Bike Cave Hafnarborg alla virka daga 11-14.

Aðeins 1.495 krónur fyrir ostborgara, frönskur og gos að eigin vali. Og buddan brosir :)



Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 770 3113 • Erum á Facebook

Bjarni Már ráðinn til RioTinto á Íslandi

Nýr upplýsingafulltrúi álversins

Bjarni Már Gylfason hefur verið ráðinn upplýsingafulltrúi RioTinto á Íslandi sem rekur álverð í Straumsvík. Bjarni Már er 42 ára hagræðingur að mennt og hefur síðan 2005 verið hagræðingur Samtaka iðnaðarins. Þar hefur hann unnið að kynningu, miðlun og greiningu á starfsumhverfi iðnaðar á Íslandi.

Áður en Samtök álframleiðenda voru formlega stofnuð árið 2010 sinnti Bjarni Már sameiginlegu starfi þeirra innan Samtaka iðnaðarins og þekkir vel til starfsskilyrða álíðnaðarins á Íslandi.

Hann kenndi hagfræði og skyldar greinar við Verzlunarskóla Íslands 2000-2005 og var blaðamaður á Viðskiptablaðinu og DV 1998-2000.

Hjá RioTinto mun hann bera ábyrgð á samskipta- og kynningarmálum, almannatengslum, samskiptum við hagsmunaaðila auk stefnumótunar í sjálfbærri þróun og samfélagslegri ábyrgð.

Bjarni Már er kvæntur Jóhönnu Vernharðsdóttur viðskiptafræðingi og eiga þau fjögur börn. Hann tekur til starfa nú um mánaðarmótin.



Bjarni Már Gylfason.

Skil á efni og auglýsingum

Vegna frídags 1. maí á mánudag eru auglýsendur hvattir til að skila inn auglýsingum og auglýsingapöntunum á morgun, föstudag.

Gleðilegt sumar kæru bæjarbúar!

Apótekið
– einfalt og ódýrt

www.apotekid.is

AS
FASTEIGNASALA

Fjarðargötu 17 • www.as.is

BAN KÜNN
THAI RESTAURANT

Tjarnarvöllum 15 • sími 565 5665

BIKE CAVE

Hafnarborg, Strandgötu 34

BÍLAMÁLUN
ALBERTS

Stapahrauni 1 • sími 555 4895

Bílaraf
www.bilaraf.is

Flatahrauni 25 • www.bilaraf.is



Bílaverk ehf.

Kaplahrauni 10 • sími 565 0708

BLIKKSMÍÐJAN
BLIKKHELLA
S. 555 4662 GSM 897 4230

Rauðhelli 12 • sími 555 4662

BRAMMER

Steinhelli 17a • www.brammer.is




Bæjarbros

Bæjarhrauni 2 • www.baejarbros.is

ER hús ehf.
BYGGINGAVERKTAKAR

FAGFÓLK
Hársnyrtistofan

Fjarðargötu 19 • sími 565 3949



G. Rúnar ehf.

GUÐM. RÚNAR ÓLAFSSON
TANNLÆKNIR
Reykjavíkurvegi 62 · 220 Hafnarfirði

Gaflarar
RAFVERKTAKAR

Lónsbraut 2 • www.gaflarar.is



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

BÆTT UMHVÆRFI - BETRI FRAMTÍÐ

Berghelli 1 • www.gamar.is



Garðahrauni 2, Gb. • www.goa.is

HAFÁS
RASTÖÐVAR EHF.

Rauðhelli 9 • 565 4069

Hafnarborg

Strandgötu 34 • www.hafnarborg.is



HAFNARFJARÐARHÖFN

www.hafnarfjardarhofn.is

H-BERG

Grandatröð 2 • www.hberg.is

Haukur pressari

ÞVOTTHÚS/FATAHREINSUN
Hraunbrún 40

Hraunbrún 40 • sími 555 1368



HLAÐBÆR COLAS

Gullhelli 1 • www.colas.is

das HRAFNISTA
Reykjavík 1 Hafnarfjörður
Kópavogur 1 Reykjanes

Hraunvangi 7 • www.hrafnista.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is



HVALEYRARRSKÓLI

Akurholti 1 • www.hvaleyrarskoli.is

HVALUR hf.

Reykjavíkurvegi 48



HYUNDAI

Kauptúni 1, GB • www.hyundai.is



HÖNNUNARHÚSIÐ ehf.

Bæjarhrauni 2 • sími 565 4513

FJARÐAR fréttir

óska þér og þínum
glæðilegs sumars!

Fyrsti leikur Hauka í úrvalsdeildinni í kvöld

Sara Rakel Hinriksdóttir, fyrirliði Hauka er bjartsýn þrátt fyrir hrakspár

Kvennalið Hauka í knattspyrnu leikur nú í efstu deild í fyrsta sinn síðan 2010. Liðið varð á síðasta ári deildarmeistari í 1. deild. Var mikill fögnuður þá í herbúðum Hauka en alvaran er að hefjast í kvöld en þá leika Haukar við Stjörnuna á heimavelli.

Ekki er hægt að segja að Haukar fái að byrja rólega því Stjarnan er ríkjandi Íslandsmeistari og verður spennandi að sjá hvernig Haukastelpurnar taka á móti Íslandsmeisturinum.

Fyrirliði Hauka er Sara Rakel Hinriksdóttir (27) og blaðamaður Fjarðarfrétta heyrði í henni í vikunni.

Hvernig list þér Íslandsmótið? Viltu spá einhverju um gengi liðsins?

„Mér list ljómandi vel á Íslandsmótið. Ef að ég ætti að lýsa því í þremur orðum þá myndi ég segja að sumarið verði krefjandi, spennandi og umfram allt ótrúlega skemmtilegt. Miðað við þær spár sem birtar hafa verið tel ég að Haukaliðið eigi eftir að koma mörgum á óvart í sumar.“



Sara Rakel Hinriksdóttir, fyrirliði Hauka í meistaraflokki í knattspyrnu.

Þið náðuð glæsilegum árangri í fyrra með sigri í 1. deild. Eruð þið með sömu leikmenn og þá?

„Já, við erum með ungt lið og margar uppaldar Haukastelpur auk þess sem við höfum styrkt leikmannahópinn með þremur erlendum leikmönnum.“

Hvernig er að leika á heimavelli á Ásvöllum? Eruð þið með öfluga stuðningsmenn?

„Það er alltaf skemmtilegt að spila á Ásvöllum. Við þökkjum gervigrasið vel og kunnum vel við okkur í rokinu :) Við erum með góðan kjarna af stuðningsmönnum sem mæta á alla leiki auk þess sem það er gaman er að sjá unga iðkendur og uppnennandi fótboltastjórnur hvetja sitt lið áfram.“

Verður þetta ekki erfiður leikur gegn Íslandsmeisturinum?

„Vissulega er það mjög krefjandi verkefni að mæta Íslandsmeisturinum í fyrsta leik en stemmningin í hópnum er góð og við mætum í þennan leik eins og alla aðra í sumar til þess að vinna.“

Hvenær byrjaðir þú að spila knattspyrnu?

„Ég byrjaði að æfa fótbolta með UMFB, Ungmennafélagi Bessastaðahrepps, eins og það hét þá þar sem ég átti heima úti á Álfanesi þar til að ég var eina stelpa í mínum árgangi sem var í fótbolta og þá máttu foreldrar mínir gjöra svo vel og keyra út á Ásvelli á æfingar. Síðan þá hef ég hvergi annarsstaðar viljað vera. Ég spilaði minn fyrsta meistaraflokksleik með Haukum sumarið 2004 og því er þetta mitt 13. sumar sem ég leik með meistaraflokki Hauka.“

Attu önnur áhugamál en fótboltann?

„Yfir sumartímann kemst fátt annað að en fótboltinn en ég elska að ferðast og að njóta þess að vera umvafin fólkinu mínu,“ segir Sara Rakel og hvetur alla til þess að mæta á völinn í sumar!



Haukar fagna sigri í 1. deildinni en titillinn tryggðu þær sér með sigri í síðasta heimaleik á Ásvöllum.

Viktor Ólason nýr framkvæmdastjóri Kúkú Campers

Stefna í viking og hafa opnað fyrstu starfsstöðina á erlendri grund í Colorado í Bandaríkjunum

Kúkú Campers ehf. sem var stofnað árið 2012 með einum gömlum Renault Kangoo hefur vaxið jafnt og þétt undir



Viktor Ólason

styrkri stjórn þeirra Steinarrs Lár og Lárusar Guðbjartssonar.

Kúkú Campers að Flatarhrauni 21 hér í bæ er í dag stærsta húsbilaleiga landsins með yfir 250 bíla til leigu. Stofnendur Kúkú Campers stefna nú í viking og hefur fyrsta starfsstöðin þegar verið opnuð í Colorado í Bandaríkjunum (www.kukucampers.com).

„Nú ætlum við Lárus að einhenda okkur í uppbyggingu á Kúkú vörumerkinu á erlendri grundu og því höfum við fengið Viktor Ólason til liðs við okkur og mun hann leiða starfseminna hér heima á Íslandi. Viktor hefur áralanga reynslu úr íslensku atvinnulífi og var m.a. forstjóri Tals og Kreditkorts og mun sú reynsla nýtast



vel inn í Kúkú heiminn,“ segir Steinarr Lár sem staðið hefur vaktina linnulaust frá fyrsta degi.

Steinarr Lár og Lárus Guðbjartsson, stofnendur Kúkú campers.

Sumardagsgleði í misjöfnu veðri

Kuldalegur sumardagurinn fyrsti og skiptist á sól og hríðarveður

Að venju buðu skátar upp á skátamessu og skruðgöngu á sumardaginn fyrsta. Að þessu sinni var skátamessan í Hafnarfjarðarkirkju þar sem skátar önnuðust athöfnina að mestu.

Gengið var síðan fylktu liði frá kirkjunni, í gegnum miðbæinn og að Viðistaðatúni þar sem skátarnir stóðu fyrir skemmtun í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hélt uppi stemmningu í göngunni með lúðrablastri og trommuslætti og skátar og bæjarbúar



gengu glaðbeittir inn í sumarið þó oft hafi göngufólk verið fleira, ekki sist þegar betur hefur viðrað.

Á Viðistaðatúni var haldið áfram að grilla pylsur í boði bæjarsjóðs en skemmtidagskrá var á sviði, danshópur, sirkus og fleira skemmtilegt en einnig var boðið upp á andlitsmálun og uppblásna kastala til að renna sér í og hoppa af mikilli gleði.

Veður hélt skaplegt á hátíðinni og virtist fólk skemmta sér vel á þessum kuldalega fyrsta degi sumars.

Fleiri myndir má finna á fréttavefnum www.fjardarfrettir.is



Ljóm: Vignir Guðnason



Ljóm: Vignir Guðnason



Ljóm: Vignir Guðnason



Ljóm: Vignir Guðnason



Ljóm: Guðni Glásson



**Tónlistarskóli
Hafnarfjarðar**

Innritun
fyrir skólaárið 2017-2018

Forskóli

Innritun fyrir nemendur fædda 2010-2011.

Suzukinám

Getum bætt við nokkrum nemendum í fiðlu-, selló- og píanónám fædda 2012.

Söngnám

Á næsta skólaári verður hægt að stunda bæði almennt söngnám og rytmískt söngnám.

Nemendum gefst nú tækifæri á 3ja mánaða söngnámi til reynslu og til að kanna hvort það henti þeim.

**Innritun fer fram á hafnarfjordur.is
frá og með 27. apríl til og með föstudeginum 12. maí.**

mínar síður – umsóknir – tónlistarskóli

Skólastjóri



Ávarp verkalyðsfélaganna í Hafnarfirði á 1. maí 2017

Það ríkir góðæri á Íslandi samkvæmt öllum hag-tölum og það sem meira er tölfraeðin greinir okkur frá því að góðærið á að hafa staðið yfir nær óslitið frá árinu 2011. Hinn almenni launamaður á Íslandi spyr sig hins vegar hvort góðæristölfraeðin eigi líka við þegar lítið er til eigin afkomu.

Í góðærinu hafa mennta-, tryggingar-, og heilbrigðiskerfi ítrekað kallað eftir hjálp. Við viljum varðveita sameiginlegu norrænu grunngildin um tækifæri, öryggi og velferð óháð efnahag. Við viljum búa í samfélagi sem hvorki undanskilur hópa eins og öryrkja eða aldraða, við viljum búa í samfélagi jafnréttis. Samfélagi sem hvetur konur til að fara út á vinnumarkaðinn, hvetur feður til tóku fæðingarorlofs og býður kynjunum sömu laun fyrir sömu vinnu. Þar sem dagvinnulaun duga launafólki til grunnframfærslu.

Við Íslendingar teljum okkur vera vel menntaða þjóð. Það kann hins vegar að koma mörgum á óvart, að menntunarstig á íslenskum vinnumarkaði

til að nýta sína hæfileika og séu virkir í samfélaginu. Hér er verk að vinna á landsvísi, eigi ekki illa að fara í framtíðinni.

Í góðærinu er staðan á íslenskum húsnæðismarkaði þannig að ungt eða efnaminna fólk getur ekki komist inn á húsnæðismarkaðinn. Bent hefur verið á það að hér á landi búi fjórir af hverjum tíu fullorðnum einstaklingum á aldrinum 20-29 ára enn í foreldrahúsum. Hér ríkir einfaldlega neyðarástand og sínu verst er ástandið á höfuðborgarsvæðinu. Frá árslokum 2010 hefur húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 78 prósent. Á sama tímabili hefur leiguverð hækkað um 64 prósent.

Í þessu ófremdarástandi er það lögmál markaðarins sem ræður för með „systkinin“ framboð og eftirspurn fremst í flokki. Taktinn slær svo opinbert vaxtaokur ásamt svívirðilegum kjörum lánastofna og banka í hinu sveiflukennda íslenska krónuhagkerfi. Síhækkandi húsnæðisverð útilokar

sé rekin fyrst og fremst af hinu opinbera. Þá tóku yfir áttatíu þúsund manns þátt í undirskriftarsöfnun Kára Stefánssonar um endurreisn heilbrigðiskerfisins.

Um lykilatriðið í endurreisninni sagði landlæknir í fréttum RÚV á sumardaginn fyrsta. Að við núverandi fyrirkomulag „sé vandséð hvernig heilbrigðisyfirvöld geti haft stjórn á því hvert opinbert fjármagn renni til heilbrigðismála og hvaða rekstrarform verði ríkjandi í íslensku heilbrigðiskerfi.“ Með öðrum orðum, að með núverandi dreifingu á takmörkuðu fjármagni sé ekki hægt án kerfis- og lagabreytinga að byggja upp það heilbrigðiskerfi sem almenningur vill. Verkalyðsfélögin í Hafnarfirði krefjast þess að stjórnvöld sjái til þess að sameiginlegt fjármagn landsmanna renni til endurreisnar heilbrigðiskerfis í almannapágu í stað þess að fjármagna einkarekstur sem hefur allt önnur markmið.

Misskipting og virðingarleysi gangvart launafólki hefur aukist í þjóðfélaginu okkar nú á góðæristíma og birtist með ýmsum hætti. Knýjandi þörf fyrir aukið vinnuafli í byggingariðnaði og ferðaþjónustu má ekki leiða til mannlegs harmleiks og fela í sér launakjör undir lágmarkstöxtum og slægan aðbúnað erlends farandverkafólks. Þá er mikilvægt að staðinn sé vörður um atvinnuöryggi fiskvinnslufólks og hótunum kvótagreifa um að flytja fiskvinnslu að einhverju leyti erlendis vegna mikillar styrkingar krónunnar skal svarað af hörku.

Í síðustu kjarasamningum sömdu verkalyðsfélögin á grundvelli rammisamkomulags sem átti að koma í veg fyrir svonefnt höfrungahlaup í samningagerð. Jafnframt var kveðið á um hógværd í launahækkunum á vinnumarkaðnum öllum. Riflegar launahækkanir sem kjararáð ákvað á síðasta ári til æðstu embættismanna og þjóðkjörinna fulltrúa nema tugum prósentu og eru úr öllu samræmi við launapróun allra annarra hópa.

Sú ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að taka mið af þessu og hækka laun sín og kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins um tugi prósentu er ekki í anda rammisamkomulags sem launahækkanir bæjarstarfsmanna tóku mið af. Athyglisvert er að pólitískt kjörnir fulltrúar bæjarins deili þeirri skoðun með verkalyðsfélagunum að fólk eigi að vera á góðum launum sem verður án efa tekið til kostanna í næstu kjarasamningum.

Áfangasigrar hafa unnist í baráttunni fyrir lífskjara-jöfnuði, bættum réttindum launafólks og réttlátara samfélagi. Baráttunni er hins vegar langt frá því að vera lokið og almennt launafólk getur ekki eitt borið ábyrgð á stöðugleika samfélagsins. Ef við horfum bjartsýn fram á veginn þá mun áframhaldandi samstaða og réttindabarátta verkalyðshreyfingarinnar leiða til bættra lífskjara, réttlátara og betra samfélags. Hafnirskt launafólk, til hamingju með daginn.



er þrátt fyrir allt lágt og sá hópur sem einungis hefur lokið skyldunámi er fjölmennur í alþjóðlegum samanburði. Við verðum að gera betur fyrir þá sem ekki hafa lokið formlegri skólögöngu. Nýta verður fjölbreytt tækifæri til menntunar í framhaldsfræðsluferfinu sem býður þessum hópi annað tækifæri til náms.

Hér í Hafnarfirði viljum við sjá atvinnulífið og hafnirskt bæjaryfirvöld í vaxandi mæli styðja og hvetja pennan hóp til náms. Við minnum á að framhaldsfræðslan er samvinnuverkefni stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda og er á ábyrgð atvinnulífsins alls. Aukin menntun er allra hagur og felur í sér ánægðara starfsfólk, betri árangur og vaxandi samfélagsauð.

Um nokkurt skeið hefur okkur mistekist að styðja við unga fólk þegar það af einhverjum ástæðum nær hvorki að fóta sig í almenna skólakerfinu eða á vinnumarkaðnum. Hafnirsku verkalyðsfélögin þökkja úr sínu daglega starfi vel til Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Þangað er í vaxandi mæli vísað ungu fólk sem ekki hefur lokið námi eða náð að fóta sig á vinnumarkaðnum. Öll erum við einstök og við viljum að allir fái tækifæri

marga frá kaupendamarkaði. Það sama á við um ofsafengið leiguverð sem gengur harkalega nærri takmörkuðum ráðstöfunartekjum launafólks sem situr pikkfast á leigumarkaði.

Í þessum erfiðu aðstæðum hafa ASÍ og BSRB brugðist við með stofnun íbúðafélagsins Bjargs, leigufélags sem rekið er án hagnaðarsjónarmiða. Á vegum Bjargs er gert ráð fyrir að reistar verði 1.200 leiguíbúðir fyrir félagsmenn ASÍ og BSRB. Nú þegar er Bjarg í samstarfi við sveitarfélögin Reykjavík og Hafnarfjörð en í Hafnarfirði er gert ráð fyrir byggingu 150 íbúða í Skarðshlíð á næstu fjórum árum.

Heilbrigðiskerfið okkar virðist smátt og smátt hafa verið holað að innan. Það getur ekki lengur staðið undir þeim verkefnum sem því er ætlað að sinna og þeirri þjónustu sem almenningur hefur treyst því til að veita. Í baráttunni fyrir endurreisn heilbrigðiskerfisins hafa BSRB og ASÍ látið til sín taka m.a. staðið sameiginlega að málþingi undir fyrirsögninni „Er einkarekstur í heilbrigðisþjónustu almannahagur?“

Vilji almennings er skýr. Rannsóknir Rúnars Vilhjálmssonar prófessors sýna að rúmlega 80 prósent landsmanna vilja að heilbrigðisþjónustan



Starfsmannafélag Hafnarfjarðar



Verkalýðsfélagið Hlíf



Sjómannafélag Hafnarfjarðar

Launafólk

Félögin leggja áherslu á:

- Að arði auðlinda okkar verði skipt í þágu ALLS samfélagsins
- Hærri ráðstöfunartekjur fyrir heimilin
- Að staðið verði vörð um velferðar- og heilbrigðiskerfið
- Fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu
- Vinnumarkað sem byggir á réttlæti og heiðarleika
- Að allir hafi kost á öryggi og vali í húsnæðismálum
- Að forsendum verðtryggingar verði breytt
- Annan gjaldmiðil, ekki ótrygga krónu

HÚSNÆÐISÖRYGGI – SJÁLFSÖGÐ MANNRÉTTINDI

Baráttutónleikar í Bæjarbíói 1. maí kl. 13-15

Þeir sem koma til með að stíga á stokk er tónlistarfólk, ættað úr Hafnarfirði
eða með sterkar tengingar við Fjörðinn fagra.

Húsið opnað klukkan 13 og mun Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar vera dagskrárstjóri.

Karl Rúnar Þórsson, formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar, mun flytja okkur 1. maí ávarp
verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði og síðan mun tónlistarfólkið taka völdin á sviðinu og hvetja okkur til
baráttu um bætt lífskjör fyrir alla.

Fram koma:

At Breakpoint | Jóhanna Guðrún og Davíð | Jón Jónson | Margrét Eir

**Við hvetjum félagsmenn verkalýðsfélaganna og fjölskyldur þeirra til að fjölmenna
og eru allir velkomnir í Bæjarbíó á meðan húsrúm leyfir.**



Magnaðir Bræðralagstónleikar

Um 800 manns hlýddu á glæsilega unga tónlistarmenn í Íþróttahúsinu við Strandgötu

Það voru tímamótatónleikar í Íþróttahúsinu við Strandgötu sl. laugardag er Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar spilaði á sínum fyrstu stóru tónleikum sem nefndust Bræðralag. Hún var aldeilis ekki ein því með henni voru Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Rytmarband úr Tónkvísl, Unglingakór Lækjarskóla, Danshópur úr Lækjarskóla, Forskóli 2 og nemendur úr Tónlistarskóla Garðabæjar. Samtals um 150 flytjendur á aldrinum 8 ára til rúmlega tívugs fluttu 11 lög þeirra bræðra Friðriks Dórs og Jóns Jónssonar í útsetningu kennara tónlistarskólans.



Glæsilegur hópurinn



Unglingakór Lækjarskóla



Friðrik Dór

merki hans og söng lögin hans eins og hann hefði ekkert gert annað. Auðvitað var sjónarsviptir að hafa ekki Jón en tónleikamir voru að öðru leyti hinir glæsilegustu og mikil tímamót að fá svona stóra skólatónleika hér í bæ. Birta Guðný Árnadóttir, annar sigurvegarinn úr söngkeppni grunnskóla Hafnarfjarðar var krydd í tilverunni en hún söng með Friðrik í laginu Fröken Reykjavík við afar góðar undirtektir.

Ætlunin var að bræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónsson syngju á tónleikumum en Jón var fjarri góðu gamni með lungnabólgu og því hélt Friðrik uppi



Ungir hljóðfæraleikarar í sinfóníuhljómsveitinni



UMHVERFISVAKTIN

Viltu vera með á umhverfisvaktinni?

Öllum félögum, samtökum og hópum í Hafnarfirði stendur til boða að sækja um þátttöku í Umhverfisvaktinni gegn fjárstyrk. Verkefnið snýr að umhíðu og fegrun bæjarins og er markmiðið sem fyrr að efla umhverfisvitund íbúa, fegurri bær og aukin hreinsun.

Hafnarfirði hefur verið skipt upp í svæði og komast aðeins tólf hópar að í hvert skipti. Hóparnir hreinsa sitt svæði tvisvar sinnum á ári, einu sinni á tímabilinu 6. maí – 5. júní og einu sinni á tímabilinu 1. – 27. september. Við úthlutun á svæði er tekið tillit til hóps og umhverfis.

Umsóknarfrestur til 5. maí 2017.
Umsóknir eiga að berast á netfangið:
ishmael@hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



Þarf að víkja fyrir hringtorgi


Fé fer hratt fækkandi í bæjarlandinu

Með tilkomu nýrrar Ásvallabrautar og tengingar hennar við Kaldárselsveg og Flóttamannaveg mun fjárhúsið við Kaldárselsveg verða rífið en þar hafa bæjarbúar getað fylgst með litlu lömbunum á vorin inni í miðri byggð.

Þessi tenging við landbúnaðinn mun víkja svo hægt sé að verða við óskum íbúa í Áslandi 3 um að færa tengingu Ásvallabrautar fjær byggðinni.



Lömbin fagna sumarkomu eins og mannfólkið.



Þessi fjárhús munu hverfa úr bæjarmyndinni. Síðasta landbúnaðarhúsið?

Fjölmenningarþing á fimmtudag

Leitað álits fólks með erlendan bakgrunn – Tíundi hver Hafnirðingur með erlendan bakgrunn

Hafnarfjarðarbær stendur fyrir fjölmenningarþingi fimmtudaginn 4. maí kl. 18-20 í Hraunseli, Flatahrauni 3.

Þar verða m.a. þrír fulltrúar íbúa kosnir í nýtt fjölmenningarráð og þrír til vara en bæjarstjórn tilnefnið tvo fulltrúa.

Framboð í fjölmenningarráðs skal senda á gudbjorg@hafnarfjordur.is

Einnig verða kynntar niðurstöður síðasta íbúafundar um fjölmenningu sem var haldinn í Lækjarskóla í október 2015.

Þátttakendum á þinginu verður skipt í umræðuhópa en þátttakendum gefst tækifæri til þess að setja sínar hugmyndir á gula miða og þær verða svo flokkaðar og dreift á umræðuhópa þar sem málefnið verða tekin fyrir hvert af öðru. Umræðustjóri stýrir umræðunni og ritari skráir niðurstöðurnar. Fólki getur flakkað á milli umræðuborða ef það vill ekki taka þátt í umræðunni lengur og fundið sér annað umræðuefni við hæfi. A.m.k. fimm tölkar verða á sveimi.

Boðið verður upp á súpu í upphafi fundar og barnagæslu á fundartíma. Bæjarbúar af erlendum uppruna eru sérstaklega hvattir til að mæta.



Frá íbúafundi um fjölmenningu í október 2015.

Hið nýja fjölmenningarráð fær niðurstöður þingsins til umfjöllunar og verður bæjarstjórn og nefndum og ráðum Hafnarfjarðarkaupstaðar til ráð-

gjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru innflytjendur.

Í 3. grein samþykktar Hafnarfjarðarkaupstaðar um fjölmenningarráð segir: „Fjölmenningarráðið er vettvangur

samráðs bæjarbúa sem eru innflytjendur, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Fjölmenningarráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Hafnarfjarðarkaupstaðar í málaflokknum og stuðlar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarstofnana til bæjarbúa sem eru innflytjendur.“

Ráðið skal funda að jafnaði ársfjórðungslega auk opins árlegs fundar með bæjarstjórn og hagsmunaaðilum. Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

FÓLK FRÁ A.M.K. 76 LÖNDUM BÝR Í HAFNARFIRÐI

Eins og kom fram í Fjarðarfréttum 12. apríl er tíundi hver Hafnirðingur með erlendan bakgrunn. Hér býr fólk með 76 erlent ríkisfang, langflestir með pólskt ríkisfang eða um 1.200 manns.

Gleðilegt sumar kæru bæjarbúar!


Íslensk hollusta
-frá náttúrunnar hendi!
Hólshrauni 5 • www.islenskhollusta.is


ÍBÍH
ÍBÍH
Strandgötu 50 • www.ibh.is


Jafnréttiskúsið
Equality Centre
Strandgötu 25 • www.jafn.is


Kjötkompaní
Dalshrauni 13 • www.kjotkompani.is


KUBBUR
Umhverfið er okkar
www.kubbur.is


Litla GÆLUDÝRABÚÐIN
Strandgötu 32 • sími 517 8666


Músik og Sport
www.musikogsport.is
Reykjavíkurvegi 60 • sími 555 2887


NONNI GULL
Handverk í sérflékki
Strandgötu 37 • www.nonnigull.is


PÍPULAGNIR
SAMÚELS & KÁRA EHF


RAFFÓLERING EHF
Yfirborðsmeðhöndlun á ryðfriðu stáli
www.rafpol.is
Stapahrauni 3b • www.rafpol.is


Samfylkingin
Strandgötu 43 • www.xshafnarfjordur.is


DB SCHENKER
Fornubúðum 5 • sími 571 4600


Sjálfstæðisfélagið FRAM


SKÓLA MATUR
Holt, gott og heimilislegt
sími 420 2500 • www.skolamatur.is


SKOLAR
www.skolar.is


SMARTWAX
BÓNSTÖÐIN
Kaplshrauni 22 • sími 565 3232

Bjartir dagar – svipmyndir

Ljósmyndir: Guðni Gíslason




Setning Bjartra daga



Marteinn Sindri



Ólafur Páll Gunnarsson var kynnrir við setningu tónlistarhátíðarinnar Heima



Aðalheiður Ólöf Skarphéðinsdóttir í Múkka



Spjall á listaftöfnu í Múkka



Gunnar Þórðarson lék við hvurn fingur í Bæjarbíói



Elín Guðmundsdóttir leirlistakona tók á móti fólki á vinnustofu sinni



Viltu starfa hjá einu öflugasta íþróttafélagi landsins?

Knattspyrnufélagið Haukar óskar eftir að ráða konu til starfa í Íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum.

Um vaktavinnu er að ræða.

Æskilegt er að umsækjendur séu liprir, reglusamir og tilgreini meðmælendur í umsókn.

Umsóknir sendist á netfangið magnus@haukar.is



Uppgerðil traktorinn hans Sveins Erlendssonar keppti um athyglina við listaverkin henna Soffíu Sæmundsdóttur

Steingrímur Eyfjörð myndlistamaður er bæjarlistamaður Hafnarfjarðar 2017

Steingrímur Eyfjörð myndlistarmaður var miðvikudaginn 12. apríl útnefndur bæjarlistamaður Hafnarfjarðar árið 2017.

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar kallaði eftir tilnefningum til bæjarlistamanns snemma árs og bárust fjölmargar tilnefningar. Mat nefndarinnar var að árið 2017 yrði myndlistarmaðurinn Steingrímur Eyfjörð bæjarlistamaður Hafnarfjarðar.

Steingrímur hefur búið í Hafnarfirði undanfarin fimm ár, í janúar var einkasýning á verkum hans í Hafnarborg sem bar nafnið Kvenhetjan.

Steingrímur Eyfjörð er fæddur árið 1954, hann nam myndlist á Íslandi og í Hollandi. Steingrímur hefur í verkum sínum farið inn á merkingarsvið heimspæki, vísinda, félags- og mannfræði þar sem viðfangsefni verkanna geta verið um jafnólíka hluti og trúmál, pólitík, dægurmenningu, íslenska þjóðmenningu og sögu. Verk hans snúast oft um það sem kalla má nútíma þjóðsögur, sem sækja efnivið sinn í dulspæki, samræskeningar og ýmiskonar hjávis-



Steingrímu Eyfjörð, bæjarlistamaður Hafnarfjarðar 2017

indi. Þessar sögur endurspeglar margbreytileika þekkingarleitar mannsins og tilraunir til að skilgreina og skoða veruleikann út frá fjölbreyttara sjónarhorni en hefðbundin vísindi bjóða upp á.

Teikningin er fyrirferðarmikill tjáningarmáti í verkum Steingríms og í þeim sést náinn sjónrænn skyldleiki teikningarinnar við ritlistina en verk hans eru oft í frásagnarstíl. Í verkum Steingríms má finna ástriðufulla og forðmálalosa rökraðu þar sem fegurðin og hið ljóðræna við alla sköpun eru snertifletir. Þau eru eins konar ferðalag eða könnun sem beinist inn á við, þar sem hver og einn verður að mæta sig við ákveðnar aðstæður. Oft og tíðum er um eins konar leik með listhugtakið að ræða þar sem framvinda verksins, sköpunarferlið sjálft, er sýnilegur hluti þess. Verk Steingríms vekja áleitnar spurningar um vísindi, trúmál, pólitík, íslenska þjóð- og dægurmenningu.

Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar hlýtur greiðslu að upphæð 1.000.000 kr sem hvatningu til áframhaldandi sköpunar og virkni.

Gleðilegt sumar kæru bæjarbúar!



Fornubúðum 8 • www.studiodis.is



Hjallahrauni 7 • sími 555 2348

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Flatahrauni 12 • www.tskoli.is

ÚR & GULL

Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666



Útfararþjónustan ehf.
Stofnuð 1990

www.utfarir.is • sími 567 9110

VALITOR

Dalshrauni 3 • www.valitor.is



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 • www.hlif.is

VHE

VÉLAVERKSTÆÐI
Melabraut 23-25 • www.vhe.is

MATHÚS BAR
VON

Strandgötu 75 • www.vonmathus.is

VSB
VERKFRÆÐISTOFA

Bæjarhrauni 20 • www.vsb.is

WÜRTH

Flatahrauni 31 • www.wurth.is



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL
v/Kaldárselsveg • sími 555 6455



BILSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a • sími 578 0200

FJARÐAR fréttir



Smíðjuvegi 44-46, Kóp. • www.idnvelar.is

SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Sorptunnubríf

Við komum þrífum og sóttþreinsum tunnum, geymsluna og rennuna. Háþrýstipríf sími 777 8656

Bílaþríf. Kem og sæki. Tjörureinsun og bön vermdar bíllinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Sýningin Bókstaflega - Konkretljóð á Íslandi frá 1957 til samtímans stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýning á verkum úr stofngjöf Hafnarborgar.

I. maí

Sjá dagskrá verkalyóðsfélaganna í miðopnu. Samfylkingin býður upp á vöfllukappi að tónleikum loknum, kl. 15-17 í húsnæði Samfylkingarinnar, Strandgötu 43.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



Á sama klukkutímanum!

Því miður náðist ekki mynd af þeim efstu í flokki 7-8 ára og yngri hnáta (ef myndaröð er rétt) en röð þeirra efstu var:

Hnátur 7-8 ára:

1. Hafrún Birna Helgadóttir,
2. Andrea L. Kristinsdóttir,
3. Ingibjörg Magnúsdóttir.

Sjá fleiri myndir á
www.fjardarfrettir.is

Víðavangshlaup í sól og snjóhríð

Um 400 keppendur hlupu inn sumarið á Víðistaðatúni

Árlegt Víðavangshlaup Hafnarfjarðar fór fram á sumardaginn fyrsta á Víðistaðatúni. Keppendur voru um fjögur hundruð í 14 flokkum og fjölmennast var í yngstu flokkunum að venju. Margir efnilegir hlauparar voru að stíga sín fyrstu skref þarna.

Hvasst var á meðan hlaupinu stóð og voru öll veðrabrigði í boði, frá snjókomu yfir í sól. Frjálsíþróttadeild FH sá um framkvæmd hlaupsins. Verðlaun voru gefin af Hafnarfjarðarbæ og fengu allir keppendur verðlaunapeninga og fyrstu keppendur í mark í hverjum flokki fengu verðlaunabikara. Fyrstu í hverjum flokki voru eftirtalin:



Konur 15 ára og eldri:

1. Ásta María Jónsdóttir, 2. Linda Karlsdóttir.



Karlar 15 ára og eldri: 1. Hilmir Hallsson, 2. Þórhallur Jóhannesson, 3. Asbjörn Jónsson, 4. Þorvarður Jónsson.



Piltar 13-14 ára: 1. Ágúst Jens Birgisson, 2. Halldór Máni Harðarson, 3. Axel Elí Axelsson.



Stúlkur 13-14 ára: 1. Mikaela Nótt Pétursdóttir, 2. Kristín Sveinsdóttir, 3. Andrea Marín Árnadóttir.



Piltar 11-12 ára: 1. Birkir Bóas Davíðsson, 2. Jóhann Ási Jónsson, 3. Andri Clausen.



Stúlkur 11-12 ára: 1. Sól Kristínardóttir Mixa, 2. Sara Kristín Lýðsdóttir, 3. Katrín Ásta Eypórsdóttir.



Piltar 9-10 ára: 1. Egill Jónsson, 2. Hlynur Öm Hjálmarsson, 3. Jóhann Darri Harðarson.



Stúlkur 9-10 ára: 1. Rakel Eva Bjarnadóttir, 2. Jónína Linnet, 3. Elsa Kristín Arnaldardóttir.



Hnokkar 7-8 ára: 1. Krummi Vígundsson, 2. Valtýr Leó Ólafsson, 3. Emil Gauti Hilmisson.



Hnátur 6 ára og yngri: 1. Þórdís Jónsdóttir, 2. Brynja Guðmundsdóttir, 3. Vigdís Jónsdóttir.



Hnokkar 6 ára og yngri: 1. Birgir Árni Tómasson, 2. Adam Mustafa Safy, 3. Alexander Óli Magnússon.

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RE/MAX
FJÖRDUR

sími 896 6076
as@remax.is



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
lögiltur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900



Mladen Tepavcevic fékk Hvatningarverðlaun Foreldraráðs

Nítján aðilar fengu tilnefningar frá bæjarbúum

Mladen Tepavcevic sundþjálfari hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar hlaut Hvatningarverðlaun Foreldraráðs Hafnarfjarðar sem afhent voru sl. mánuðagskvöld í Bæjarbíói.

Alls fengu 19 aðilar tilnefningar og sá sem fékk flestar, fékk 6 tilnefningar og var það Mladen sem fékk þær en allir sem fengu tilnefningu fengu viðurkenningarskjal og rós:

TILNEFNDIR:

Andri Rafn Ottesen, þjálfari yngri flokka hjá Haukum.
Ásgeir Rafn Birgisson, umsjónarkennari Hraunvallaskóla Ástjarnarkirkja, fyrir að bjóða upp á ókeypis íslenskukennslu.
Björk Jakobsdóttir, leikstjóri hjá Gaflaraleikhúsinu.
Claus Jurgen Ohk, yfirþjálfari hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar.
Freyr Sverrisson, yfirþjálfari yngri flokka í knattspyrnu hjá Haukum.
Guðný Eyþórsdóttir, námsráðgjafi Hraunvallaskóla.
Guðrún Erla Hólmarsdóttir, deildarstjóri tómstundarmiðstöðvar Vídistaðaskóla.
Harpa Brastardóttir, sundþjálfari hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar.
Íris Halldórsdóttir, bekkjartengill í Öldutínnsskóla.
Íris Helga Baldursdóttir, kennari í Öldutínnsskóla.



Mladen Tepavcevic.

Jórunn Sigurðardóttir, bekkjartengill í Hraunvallaskóla.
Katrín Daníalsdóttir, kennari í Lækjarskóla.
Margrét Brandsdóttir, þjálfari yngri flokka knattspyrnu hjá FH.
Kristmundur Guðmundsson, þjálfari yngri flokka knattspyrnu FH.

Mladen Tepavcevic, sundþjálfari hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar.
Ólöf Björg Guðmundsdóttir, kórstjóri Lækjarskóla.
Starfsfólk námsvers Öldutínnsskóla.
Stefán Ómar Jakobsson, kennari við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.



Þessi hópur tók á móti tilnefningum til Hvatningarverðlauna Foreldraráðs Hafnarfjarðar.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

27. apríl kl. 20, Kaplakriki
FH - Afturelding, úrslitakeppni karla

1. maí kl. 20, Varmá
Afturelding - FH, úrslitakeppni karla

3. maí kl. 20, Kaplakriki
FH - Afturelding, úrslitakeppni karla

Leikirnir 1. og 3. maí eru háðir úrslitum í leiknum í kvöld. Ef FH vinnur þá er liðið komið í úrslit.

ÚRSLIT KVENNA:

KA/Þór - FH: (miðvikudag)
Fram - Haukar: 31-28
Haukar - Fram: 19-20
FH - KA/Þór: 27-19
KA/Þór - FH: 24-22
Fram - Haukar: 23-22

ÚRSLIT KARLA:

Afturelding - FH: 25-28
FH - Afturelding: 28-27
Haukar - Fram: 45-47
Fram - Haukar: 24-28
Gróttu - FH: 20-31

Fótbolti:

27. apríl kl. 19.15, Ásveilir,
Haukar - Stjarnan, úrvalsdeild kvenna

27. apríl kl. 19.15, Kópavogsvöllur
Breiðablik - FH, úrvalsdeild kvenna

29. apríl kl. 14, Sandgerðisvöllur
Reynir S. - Haukar, bikarkeppni karla

30. apríl kl. 17, Akranes
ÍA - FH, úrvalsdeild karla

2. maí kl. 19.15, Kaplakriki
FH - Fylkir, úrvalsdeild kvenna

3. maí kl. 19.15, Grindavík
Grindavík - Haukar, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KARLA:

Valur - FH: 1-0
KR - FH: 2-1

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Fylkir: 1-2

HEIMALEIKIR

Haukar taka á móti Stjörnunni í úrvalsdeild kvenna í kvöld kl. 19.15 á Ásvöllum.

FH tekur á móti Fylki í úrvalsdeild kvenna á Kaplakrikavelli kl. 19.15 á þriðjudag.

Hönnun & umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.

B/EJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRDUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Veisla fyrir vinnustadinn

Sólskin í glasi og sælkerasamlökur

veisla@lemon.is

Lemon

Burger*inn

Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Pau hlutu menningarstyrkina



Eins og greint var frá í síðasta blaði fengu 22 aðilar menningarstyrki Hafnarfjarðarbæjar, samtals að upphæð 5,5 milljónir kr. Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn í Hafnarborg á síðasta vetrardeggi og var myndin tekin við það tækifæri.

Kemst FH í úrslit í kvöld?

FH tekur á móti Aftureldingu í úrslitakeppni karla í handknattleik í Kaplakrík kl. 20 í kvöld. FH hefur sigrað í fyrstu tveimur leikjum liðanna og sigri liðið í kvöld er liðið komið í úrslit um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla. Afturelding þarf nú að sigra þrjá leiki í röð ætli liðið að slá FH út.

Búast má við spennandi leik í kvöld ekki síður en í fyrri leikjum liðanna en sigurvegarar í einvíginu mæta annað hvort Val eða Fram í úrslitum.

Hér koma mislæg gatnamót

Óvíst hvenær Reykjanesbrautin verður tvöfölduð frá kirkjugarði og suðurúr



Framkvæmdir við gerð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar eru í fullum gangi en þeim á að ljúka í haust.

Viltu vita hvers virði eignin þín er?

RE/MAX®
FJÖRÐUR

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði

Frítt verðmat!

Páll B. Guðmundsson

Löggiltur fasteignasali

861 9300, pallb@remax.is

